

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
September 2002

Yfirlit efnahagsmála

Innlend verðbólga vegin upp af verðhjöðnun á innfluttum vörum undanfarna mánuði

Vísitala neysluverðs hækkaði um 3,1% á tólf mánuðum til september. Undanfarna sex mánuði hækkaði hún um ½% og stóð í stað undanfarna þrjá mánuði. Í ágúst lækkaði vísitalan um ½% og komu þar helst til sumarútsölur á fötum og skóm. Í september hækkaði svo vísitalan um ½%. Verð á fötum og skóm hækkaði enda haustvörur að koma inn og áhrif af sumarútsölum gengu að hálfu til baka. Bæði lækkunin í ágúst og lækkunin í september voru nokkuð vanmetnar af sérfræðingum á fjármálamarkaði og flestir þeirra gerðu ráð fyrir að breytingarnar yrðu minni en raun varð á. Á heildina litið var þróun verðlags undanfarna tvo mánuði í mjög góðu samræmi við síðustu verðbólguþspá Seðlabankans.

Sú verðbólga sem mælist nú er fyrst og fremst af innlendum toga. Þar vegur húsnæði og þjónusta, bæði almenn og opinber, þyngst. Verðhækkunir í þessum þremur þáttum hafa stuðlað að tæplega 0,7% hækkun vísitölnunnar undanfarna þrjá mánuði, sem samsvarar 2,8% á heilu ári. Þar af vegur hækkun á húsnæðiskostnaði mest og hefur stuðlað að 0,33% hækkun vísitölnunnar. Markaðsverð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað nokkuð að undanfögnu eða um 2,8% á þremur mánuðum. Þessa hækkun má líklega að einhverju leyti rekja til áhrifa flutnings húseigenda úr gamla félagslega íbúðalánakerfinu yfir í nýja húsbrefakerfið. Þjónusta á almennum markaði hækkaði um 0,9% undanfarna þrjá mánuði og stuðlaði að 0,22% hækkun vísitölnunnar á tímabilinu. Opinber þjónusta hækkaði um 1,9% á sama tímabili en það leiddi til 0,13% hækkunar vísitölnunnar. Þessa hækkun má m.a. rekja til verðhækkunar á heilsugæslu, framhaldsskólagjöldum og rafmagni og hita.

Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks lækkuðu um 1,7% undanfarna þrjá mánuði þrátt fyrir þá bensínverðshækkun sem orðið hefur. Þessi lækkun ásamt verðlækkun á grænmeti og öðrum búvörum hefur vegið upp þá hækkun sem orðið hefur á vísitölnunni vegna innlendrara verðbólgu og því varð breyting hennar í heild engin síðustu þrjá mánuði, eins og áður segir.

Útlánaaukning lánakerfisins í heild hjaðnaði verulega á fyrri hluta ársins en útlán innlánsstofnana hafa nokkuð aukist síðustu mánuði

Verulega hefur dregið úr vexti útlána lánakerfisins það sem af er þessu ári. Tólf mánaða vöxtur til júníloka mældist 6,3% og hefur ekki verið svo lítil síðan í lok árs 1995. Á 2. ársfjórðungi drógust útlán saman um 1,4%. Nokkur vöxtur var enn hjá Íbúðalánasjóði og hjá lífeyrisjóðum, en verulega hefur dregið úr vexti útlána bankakerfisins. Tólf mánaða útlánavöxtur bankakerfisins að frátöldu Kaupþingi var í lok júní 2,7% en var 22,2% á sama tíma 2001. Vöxtur útlána til heimila hefur lítilla dregist saman frá því í árslok en er svipaður og hann var um mitt ár 2001. Hins vegar hefur dregið verulega úr vexti útlána til atvinnuvega. Tólf mánaða vöxtur útlána til þeirra var 3,1% í lok júní en var 25,4% á sama tíma í fyrra.

Útlán innlánsstofnana að nafnvirði höfðu aukist um 3,4% á 12 mánuðum til ágústloka en nánast staðið í stað að raungildi. Árs hraði útlánavaxtar sl. 3 mánuði var 7,7%.

Að frátöldum áhrifum gengisbreytinga og vísitöluuppfærslu verðtryggðra lána mældist vöxturinn 5,5% á tólf mánuðum, 8,8% undanfarna 3 mánuði umreiknað til árs hraða en stendur nánast í stað milli mánaða.

Vöxtur breiðs peningamagns er svipaður og undanfarna mánuði. Peningamagn og sparifé (M3, árstíðarleidirétt) jókst um 13,2% á tólf mánuðum til ágústloka en um rúm 12% undanfarna 3 mánuði umreiknað til árs hraða.

Atvinnuleysi eykst enn

Atvinnuleysi í ágúst mældist 2,2% og hefur lækkað samfellt síðan í mars er það náði hámarki (2,7%). Hins vegar hefur árstíðarleidirétt atvinnuleysi aukist jafnt og þétt á sama tíma. Í ágúst var árstíðarleidirétt atvinnuleysi 2,7% en 1,3% í ágúst í fyrra. Mælt atvinnuleysi var 2,7% á höfuðborgarsvæðinu en 1,5% á landsbyggðinni. Atvinnuleysi meðal kvenna mældist 2,9% sem er ríflega prósentu meira en atvinnuleysi meðal karla.

Í lok ágúst sl. voru 3.567 manns skráðir atvinnulausir samkvæmt gögnum vinnumiðlana

samanbórið við 1.755 í ágúst 2001. Í ágúst voru 18,2% atvinnulausra á aldrinum 15-24 ára og hefur þetta hlutfall hækkað nokkuð. Hlutfall þeirra sem verið hafa atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur var nánast það sama í ágúst sl. og fyrir ári eða 24,4%.

Atvinnuleyfum og lausum störfum fækkar

Í ágúst voru veitt 291 atvinnuleyfi samanbórið við 346 í ágúst árið 2001. Nýjum tímabundnum atvinnuleyfum hefur fækkað mikið milli ára en þau voru 99 í ágúst sl. en 173 fyrir ári. Á sama tíma hefur framlengdum tímabundnum leyfum fjölgað nokkuð.

Frá haustmánuðum 2001 og fram á vor 2002 fækkaði lausum störfum ört, en þeim fjölgaði síðan að venju nokkuð yfir sumarmánuðina. Lausum störfum hjá vinnumiðlunum fækkaði í ágúst frá því í júlí. Í lok ágústmánaðar sl. hafði lausum störfum fækkað úr 736 í 264 frá sama tíma 2001, eða um 472 störf. Lausum störfum fækkaði um 260 á höfuðborgarsvæðinu en 212 á landsbyggðinni. Þriðjungur lausra starfa í ágúst sl. var á höfuðborgarsvæðinu samanbórið við ríflega helming í sama mánuði 2001.

Launaskrið er óverulegt en kaupmáttur eykst

Launavísitalan hækkaði um 0,1% í ágúst og um 6,0% undanfarna 12 mánuði. Nokkuð hefur dregið úr hækkun launavísitölu það sem af er ári en jafnframt hefur dregið verulega úr verðbólgu. Kaupmáttur launa er því aftur farinn að aukast og hafði hann aukist um 2,7% á 12 mánuðum í ágúst sl. Samkvæmt tölum Hagstofunnar hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna um 10,1% frá 2. ársfjórðungi 2001 til 2. ársfjórðungs 2002. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 5,7%. Verulega hefur dregið úr launaskriði. Launaskrið milli 1. og 2. ársfjórðungs 2002 mældist 0,3% og launaskrið yfir 12 mánuði mældist 2% á 2. ársfjórðungi 2002 samanbórið við 2,7% á 1. ársfjórðungi 2002.

Lækkun Seðlabankavaxta skilar sér í lægri raunvöxtum

Seðlabankinn tilkynnti um ½ prósentu lækkun stýrivaxta eftir lokun markaða þann 18. september sl. Í kjölfarið hafa helstu vextir og eignaverð

tekið breytingum, sem fela í sér að slökunin hefur skilað sér mjög vel. Þar skiptir mestu að raunvextir hafa lækkað. Þá hefur gengi krónunnar ekki veikst og því samrýmist lækkunin betur en ella því að verðbólga verði á næstunni í samræmi við verðbólguþátt Seðlabankans.

Stýrivextir bankans eru nú 7,1%. Raunstýrivextir Seðlabankans, mældir með verðbólguálagi óverðtryggðra ríkisbréfa til 4½ árs, lækkuðu um tæpar 0,3 prósentur strax daginn eftir að tilkynnt var um vaxtalækkunina, í 4,6%. Raunstýrivextir voru enn um 4,6% þann 25. september. Þar sem engin breyting hefur orðið á erlendum vöxtum undanfarið skilaði stýrivaxtalækkunin sér að fullu í lægri vaxtamun við útlönd og er hann nú 4 prósentur.


Gengi íslensku krónunnar veiktist um ½% daginn eftir tilkynningu um vaxtalækkun, en hefur síðan styrkst, og hafði hækkað aftur um 1,7% þann 25. september. Úrvalsvísitalan og vísitala aðallista hækkuðu um 0,3% þann 19. september en hækkunin var að hluta eða öllu leyti gengin til baka 25. september.

Ávöxtunarkrafa þriggja mánaða ríkisvixla lækkaði strax um sem nam vaxtalækkuninni, um rétt tæplega ½ prósentu og var nánast óbreytt þann 25. september. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa með 1½ árs og 4½ ára líftíma lækkaði strax um 0,3 prósentur og hafði ekki breyst frekar 23. september. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með 11 ára líftíma lækkaði nokkuð minna eða um 0,2 prósentur og var svipuð 25. september. Ávöxtunarferill ríkisverðbréfa er því nokkuð brattari en hann var fyrir vaxtalækkunina, þar sem langtímavextir lækkuðu minna en skammtímavextir.


Hins vegar breyttist lítið ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa, eins og 15 ára spariskírteina og 25 ára húsbrefa, lækkaði um 0,1 prósentu og hefur ekki orðið breyting þar á síðan. Verðbólguálag á vexti óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með 4½ árs líftíma lækkaði einnig um 0,2 prósentur, hefur haldist nær óbreytt og er nú 2,4%.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 25. september 2002.


I Verðbólga




Vísitala neysluverðs í september hækkaði um 0,52% frá fyrri mánuði. Verð á fötum og skóm hækkaði um 4,5% (0,54% áhrif á vísitöluna) enda sumarútsölum nær lokið. Verð á mat- og drykkjarvöru hækkaði um 1,0% (0,15%) og markaðsverð á húsnæði hækkaði um 1,0% (0,1%). Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 3,1%. Í ágúst hafði samræmd vísitala neysluverðs hækkað um 3,5% á 12 mánuðum.



Í september höfðu innfluttar vörur án áfengis og tóbaks hækkað um 0,7% á 12 mánuðum. Húsnæðisliður vísitölunnar hækkaði á sama tíma um 5,8%, innlendar vörur án búvöru og grænmetis um 3,8%, og þjónusta á almennum markaði um 5,4%.




Í sumar hafði gengishækkun krónunnar fyrir á árinu eytt þeim mun sem var á milli gengisbreytinga og verðhækkunar innfluttrar vöru á sl. ári. Aðeins hefur dregið í sundur aftur nú í lok sumars, aðallega vegna gengislækkunar krónunnar í ágúst og það sem af er september.




Verðbólguálag á vexti óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með u.þ.b. 4½ árs líftíma lækkaði úr 2,6% í 2,4% upp úr miðjum september þegar Seðlabankinn tilkynnti lækkun stýrivaxta sinna um 0,5 prósentur. Verðbólguálag þessara bréfa var að meðaltali 2,6% það sem af er september og sveiflaðist á bilinu 2,4-2,7% en var 2,4% þann 20. september.


II Framleiðsla og velta




Á fyrsta ársfjórðungi 2002 mældist vöxtur landsframleiðslu frá sama fjórðungi fyrir ári 0,8%. Útflutningur dróst heldur saman en innflutningur ennþá meira, eða um 12,4%. Þjódarútgjöld voru áætluð 3½% minni en fyrir ári. Þetta var heldur minni árssamdráttur þjódarútgjalda en á fjórða ársfjórðungi 2001. Tölur um annan ársfjórðung 2002 eru væntanlegar 27. september.




Raunveltan á fyrri helmingi þessa árs er um 1,5% minni en á sama tíma 2001. Áfram er raunveltuaukning í iðnaði og er aukningin öll í útflutningi, þ.m.t. fiskafurðir. Um fimmtings samdráttur er í byggingarstarfsemi og samdráttur í verslun, 2,5% í smásölu og um 4% í heildsölu. 12 mánaða breyting raunveltu milli maí-júní 2001 og 2002 sýnir vaxandi samdrátt, nú í öllum greinum.




Samdráttur í greiðslukortaveltu sem verið hefur á árinu minnkar með hverjum mánuðinum. Í ágúst mældist í annað sinn á árinu aukning 0,3% frá sama mánuði í fyrra. Samdráttur mældist 2,8% sé lítið til uppsafnaðrar veltu á fyrstu átta mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Samdráttur í uppsafnaðri veltu á árinu hefur farið stöðugt minnkandi frá því í mars á þessu ári þegar hann mældist mestur.



Velta 39 fyrirtækja jókst um 13% að raungildi frá fyrrihluta 2001 (raunvirt með VNV á innlenda veltu og gengi á útflutningsveltu). Framlegð (hagn. f. afskriftir og fjármagnsliði) var mjög góð eða 13,3% af veltu (var 11,2% jan.-júní 2001) og hreinn hagnaður eftir skatta var 11,4% (-6,5% 2001). Þessi umskipti stafa einkum af jákvæðum fjármagnsliðum vegna gengishækkunar krónunnar. Þá jókst veltufé frá rekstri um 70% milli ára. Framlegðin hækkar hjá flestum atvinnugreinum nema fyrirtækjum í verslun og þjónustu.




Sementssala dróst saman um þriðjung á tímabilinu janúar-ágúst 2002 miðað við sama tímabil 2001. Nýskráningar bifreiða voru heldur fleiri bæði í júlí og ágúst á þessu ári en í sömu mánuðum 2001, en árstíðarbundinn samdráttur í þeim mánuðum var óvenju mikill í fyrra. 12 mánaða breytingin sem myndin sýnir er nú um 1%, en hún er byggð á 3 mánaða meðaltali.




Í upphafi ársins 2001 var samningsverð um 9% undir kostnaðaráætlunum. Þegar leið á árið varð veruleg hækkun samningsverðs sem hlutfalls kostnaðaráætlana sem gekk að öllu leyti til baka er leið á árið en nú hefir samningsverð hækkað aftur m.v. kostnaðaráætlanir og er óvegið samningsverð tíu síðustu samninga í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins orðið 6,7% undir kostnaðaráætlunum.


III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði




Á fyrstu sjö mánuðum þessa árs var 16,9 ma.kr. afgangur á vöruviðskiptum við útlönd án viðskipta með skip og flugvélar, og 9,1 ma.kr. í heild. Á sama tíma í fyrra var halli á vöruskiptum að undanskildum viðskiptum með skip og flugvélar, 5,1 ma.kr á gengi þessa árs og 11,6 ma.kr. í heild. Í júlí var 1,1 ma.kr. halli á vöruskiptum, samanborið við 1,4 ma.kr. afgang í júlí í fyrra á gengi þessa árs.




Í júlí voru fluttar út vörur fyrir 16,4 ma.kr. sem á föstu gengi er 13½% meira en í júlí í fyrra. Fluttar voru inn vörur fyrir 17,4 ma.kr., sem er tæplega 10% meira en í júlí í fyrra á föstu gengi.




Árstíðarleiddréttur innflutningur án viðskipta með skip og flugvélar var í júlí óbreyttur frá fyrri mánuði (m.v. 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal) og var svipaður og í október/nóvember á síðasta ári.




Á fyrstu sjö mánuðum ársins var almennur útflutningur 13,1% meiri að magni en árið áður og verð 4,6% hærra, sem skýrist að nokkru af 2,9% hækkun meðalverðs erlends gjaldeyris frá sama tíma í fyrra. Magn útfluttrar iðnaðarvöru jókst um 23½% milli ára og magn útfluttra sjávarafurða um 8,9%. Innflutningur dróst saman um 3,7% að magni til, þar af almennur innflutningur um 4,1% og innflutningur neysluvöru um 4,2%.




Á fyrstu átta mánuðum ársins var heildaraflinn 11% meiri en fyrir ári. Mestur var vöxtur í rækju og skel, 33%, 12% í uppsjávarfiski og 4% í botnfiski. Útflutningur sjávarafurða á fyrstu sjö mánuðum ársins var rúmlega 14% meiri en á sama tíma í fyrra á gengi þessa árs. Í júlí var útflutningur sjávarafurða aðeins minni í ár en í júlí í fyrra.



Verð sjávarafurða í erlendri mynt var í júlí nærri 10% hærra en fyrir ári og jafnaðarverð fyrstu sjö mánuði ársins var rúmlega 5% hærra en fyrir ári. Álverð í september hækkaði litilllega frá fyrri mánuði eftir að hafa lækkað nokkuð frá í mars þegar það náði hámarki á þessu ári. Álverð hefur ekki verið eins lágt og það er nú síðan í mars 1999.




Hráolíuverð hefur hækkað nú í mánuðinum og var verðið 29,3 US\$ fatið þann 23. september en undanfarna mánuði hefur verðið verið nokkuð stöðugt í kringum 25 US\$ fatið. Þessa hækkun má rekja til óróa í kringum Miðáusturlönd. Bensínverð hefur hækkað að sama skapi þó hækkunin sé ekki alveg eins mikil.




Hrávöruverð hefur hækkað það sem af er þessu ári en er þó lægra að meðaltali fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Undanfarna tólf mánuði hefur verð matvöru hækkað um rúm 10% en verð grunnmálma lækkað um 1,7%.


IV Vinnumarkaður og tekjur




Atvinnuleysi í ágúst mældist 2,2% og lækkar um 0,1% frá í júlí. Í ágúst 2001 var atvinnuleysi 1,1%. Árstíðarleiddrett atvinnuleysi var 2,7% í ágúst og jókst um 0,1% milli mánaða. Í ágúst í fyrra var árstíðarleiddrett atvinnuleysi 1,3%. Árstíðarleiddrett atvinnuleysi hefur ekki verið meira síðan í júlí 1998.



Veitt voru 291 atvinnuleyfi í ágúst sl., samanborið við 346 í ágúst árið 2001. Nýjum tímabundnum atvinnuleyfum hefur fækkað mikið milli ára en framlengdum tímabundnum leyfum fjölgað. Fjöldi lausra starfa hjá vinnumiðlunum í lok ágústmánaðar var 264, samanborið við 736 fyrir ári.




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun ÞHS sem gerð var í apríl töldu atvinnurekendur á landinu öllu æskilegt að fækka starfsfólki um 1/2 af áætluðu vinnuafli. Þar af vildu atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu fækka starfsfólki um 1,3% af vinnuafli þar, en á landsbyggðinni vildu atvinnurekendur hins vegar fjölga starfsfólki um 0,7%. Skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í apríl jókst atvinnuleysi úr 2,1% í apríl í fyrra í 3,1% í ár, vinnustundum fækkaði á sama tíma úr 43,7 í 42,8 og atvinnuþátttaka minnkaði úr 83,6% í 82,9%.




Launavísitalan hækkaði um 0,1% í ágúst og 6,0% undanfarna 12 mánuði. Í ágúst hafði kaupmáttur launa aukist um 2,7% á 12 mánuðum.


V Opinber fjármál




Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 10,1% frá 2. ársfjórðungi 2001 til 2. ársfjórðungs 2002. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 5,7%. Launaskrið milli 1. og 2. ársfjórðungs 2002 mældist 0,3% og launaskrið yfir 12 mánuði mældist 2% á 2. ársfjórðungi 2002 samanborið við 2,7% á 1. ársfjórðungi 2002.



Halli ríkisins til ágústloka 2002 var 13 ma.kr., 6 ma.kr. meiri en á sama tíma 2001, þrátt fyrir 3 ma.kr. tekjur af sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands í júlí. Innheimta lána er greið og lánsfjárförf ríkissjóðs einungis milljarði hærri en til ágústloka 2001, 9 ma.kr. Með 6 ma.kr. lífeyrisinnborgun er fjármögnunarförf 15 ma.kr., sem hefur verið mætt með erlendra lántöku (10 ma.kr.-) og lægri innstæðum í Seðlabanka (5 ma.kr.).




Tekjur út ágúst 2002 voru 7% hærrí en í fyrra. Án eignasölu er hækkin 4%, þ.e. 2% raunsamdráttur. Útgjöld eru 11% meiri en á sama tíma í fyrra. Á fjárlögum var gert ráð fyrir um 5% útgjaldaaukningu á greiðslu-grunni, en sýnt er að hækkin verður mun meiri. Trúlega dregur úr launaskriði opinberra starfsmanna á seinni helmingi ársins, en afkomumarkmið fjárlaga virðast fjárlæg.




Myndin sýnir 12 mánaða raunbreytingar skatttekna síðustu 4ra mánaða, síðast maí-ágúst 2002. Staðgreiðsla og launaskattar gáfu 6% meiri rauntekjur nú en á sama tíma í fyrra. Virðisaukaskattur gefur 2,5% meira nú en fyrir ári, og rauntekjur frá áramótum eru svipaðar og í fyrra. Enn er 5% samdráttur í raungildi innflutningstekna, miðað við verð innflutnings.


VI Gengi og eignaverð




Á sl. 4 vikum hefur hlutabréfaverð farið heldur hækkanði og hafa 8 atnugreinvísitölur af 10 hækkað. Vísitölur verslunar og þjónustu og iðnaðar og framleiðslu hafa hækkað mest. Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 11,5% frá sl. áramótum. Velta eykst á milli ágúst og september og var þann 24. september orðin jöfn heildarveltu í ágústmánuði.




Vísitala fasteignaverðs (sér- og fjölbýli) á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,9% á 12 mánuðum til júlí 2002 en 12 mánaða hækkin hefur stigið ört frá í maí þegar hún var aðeins 0,7% og hafði þá ekki verið minni frá í september 1997. Vísitala fermetraverðs í fjölbýli hækkaði um 4,1% á 3 mánuðum til ágúst 2002. Þriggja mánaða hlaupandi meðaltal vísitölnnar hækkaði um 2,9% frá því fyrir ári.




Fyrstu vísbendingar um þriðja ársfjórðung 2002 og gögn um 2. fjórðung benda til að raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu sé hætt að lækka, a.m.k. í svipinn, eftir nokkuð skýra lækkanartilhneingingu fjórðungana þar á undan. Eins og fyrr verður að túlka þessar vísbendingar með talsverðri varúð, þar eð mælingar eru fáar og seldar eignir ósamleitar. Vogum hefur verið breytt frá fyrri útgáfu.



Á sama tíma og umsvif á markaði með notað húsnæði hafa aukist hefur dregið úr viðskiptum með nýtt húsnæði. Afgreiddar umsóknir hjá Íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 173 í ágúst, en voru 223 í ágúst í fyrra. Til kaupa á notuðu húsnæði í ágúst voru afgreidd 739 lán, en í ágúst í fyrra voru afgreidd 707 lán. Fjárhæð afgreiddra húsbrefta er nokkuð hærrí fyrstu átta mánuði ársins en á sama tíma í fyrra.




Undir lok september var verð á aflahlutdeild 1.070 kr./kg. og hafði hækkað um 70 kr./kg. frá í ágúst í samræmi við skerðingu aflamarks. Aflamark lækkaði hins vegar milli mánaða úr 165 kr./kg. í 140 kr./kg. enda nýtt fiskveiðiarð að hefjast.




Raungengi krónunnar hefur hækkað mikið það sem af er þessu ári sökum hækkunar nafngengis. Miðað við verðlag var raungengi á 2. ársfjórðungi 8½% hærra en á sama tíma í fyrra. Samanborið við meðaltal undanfarna 10 ára var raungengi miðað við verðlag 2,7% lægra en 2,7% hærra sé miðað við laun.


VII Peningar, útlán og vextir




Gengi krónunnar hefur styrkst mikið á þessu ári eða um 9,4% frá áramótum en hefur þó lækkað um 3,9% frá 7. ágúst þegar það var sterkast á árinu, til 20. september. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var í ágúst rúmlega 9,1% hærra en fyrir ári.




Á 2. ársfjórðungi 2002 varð 1,4% samdráttur í útlánum lánakerfisins. Tólf mánaða útlánavöxtur lánakerfisins nam 6,3% til júniloka og hefur ekki verið svo lítill síðan í upphafi árs 1996. Mikill vöxtur var enn hjá íbúðalánasjóðum og hjá lífeyrissjóðum, en verulega hefur dregið úr vexti útlána bankakerfisins. Umreiknuð vegna tilfærslu FBA og Kaupþings, námu útlán bankakerfisins 2,7%. Vöxtur útlána til heimila hefur dregist lítillega saman frá því í árslok 2001 og nam 13,9% á 12 mánuðum. Verulega hefur dregið úr vexti útlána til atvinnuvega. Nam vöxtur þeirra yfir 12 mánuði 3,1% í lok júní 2002 en 25,4% á sama tíma 2001.




	M3	Útlán	Útlán án uppfærslu
Breyting í % til loka ágúst 2002			
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleidd)	2,2	1,0	0,1
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleidd)	12,1	7,7	8,8
Yfir 12 mánuði	13,2	3,4	5,5




	M3	Útlán
Breyting í % til loka ágúst 2002		
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleidd)	2,5	1,6
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleidd)	12,3	7,7
Yfir 12 mánuði	9,7	0,2




Grunnfé Seðlabankans jókst um tæplega 27% í ágúst 2002 frá sama tíma í fyrra (m.v. 3 mánaða hlaupandi meðaltal). Miklar sveiflur einkenna jafnan breytingar á grunnfé og því er vandasamt að túlka breytingar á því. Endurhverf viðskipti innlánsstofnana við Seðlabankann jukust um rúm 43% í ágúst frá sama tíma í fyrra (einnig m.v. 3 mánaða hlaupandi meðaltal) og er ársaukning þeirra svipuð í lok september.




Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti sína tvisvar síðan Hagvísar komu út í ágúst, um samtals 0,8 prósentur. Stýrivextir Seðlabankans hafa lækkað um 3 prósentur það sem af er árinu. Vextir á peningamarkaði hafa lækkað verulega á þessu ári. Þriggja mánaða peningamarkaðsvextir höfðu lækkað þann 20. september um 0,8 prósentur frá því Hagvísar komu út í ágúst og vextir á lánum til eins dags um 2 prósentur. Þriggja mánaða peningamarkaðsvextir hafa verið lægri en stýrivextir Seðlabankans frá því í byrjun júlí sem bendir til að þær lausafjárþrengingar sem voru fyrir hendi í lok síðasta árs og byrjun þessa séu ekki lengur til staðar.




Raunstýrivextir Seðlabankans, mældir með verðbólguálagi óverðtryggðra ríkisbréfa til um 4½ árs, voru 4,6% 20. september og höfðu lækkað um 0,4 prósentur síðan Hagvísar voru gefnir út í ágúst og um 1,8 prósentur það sem af er árinu. Skammtíma vaxtamunur gagnvart útlöndum hefur minnkað um rúmar 3 prósentur það sem af er árinu og var rúmlega 4 prósentur 20. september.



Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með 1 árs, 4½ árs og 11 ára líftíma hefur lækkað síðan Hagvísar komu út í ágúst. Ávöxtunarkrafa 11 ára ríkisbréfa lækkaði mest eða um 0,3 prósentur, en hafði verið stöðug síðan fyrsta útboð fór fram þann 15. maí. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með styttri líftíma er nú lægri en ávöxtunarkrafa ríkisbréfa til 11 ára.




Ávöxtunarferrill peningamarkaðsbréfa er nánast algveg flatur, en hallar upp á við í styttri endann og hefur hliðrast niður á við miðað við það sem hann var fyrir mánuði og fyrir ári. Ávöxtunarferrill ríkisverðbréfa hefur einnig hliðrast lítilla niður á við miðað við það sem hann var fyrir mánuði. Ávöxtunarferrill er niðurhallaandi á bréfum með líftíma innan við 2 ár en upphallaandi á bréfum með lengri líftíma.




Raunávöxtun 15 ára spariskirteina hefur verið nokkuð stöðug það sem af er árinu og er nú 5,3%. Raunávöxtun 25 ára húsbréfa hefur lækkað lítillega frá áramótum.


VIII Alþjóðleg efnahagsmál




Vísitala neysluverðs hækkaði nokkuð meira í ágúst en í júlí. Tólf mánaða verðbólga mældist 1,8%, en kjarnaverðbólga 2,4%. Iðnaðarframleiðslan dróst saman um 0,3% í ágúst. Atvinnuleysi í ágúst mældist 5,7%, órlítið minna en í júlí. Kom þetta á óvart því gert hafði verið ráð fyrir auknu atvinnuleysi í ágúst. Störfum hefur fjölgað nokkuð sl. 3 mánuði. Endurskoðaðar tölur fyrir júlí sýna að störfum fjölgaði um 67 þúsund í stað 6 þúsund eins og fyrri tölur sýndu.




Iðnaðarframleiðsla dróst saman um 0,9% í júlí, eftir að hafa aukist um 1% í júní en staðið í stað í maí. Verðbólga jókst á evrusvæðinu og var 2,1% í ágúst, aðeins yfir verðból gumarkmiði ECB. Kjarnaverðbólga mældist 2,5%. Atvinnuleysi á evrusvæðinu jókst í júlí og var 8,3%, og hefur aukist um 0,3% frá janúar.




Hlutfall atvinnulausra hefur verið óbreytt, 5,4%, frá því í maí en jafnmargir eru atvinnulausir í júlí og í maí. Verðhjóðnun mældist áfram í júlí en 12 mánaða breyting neysluverðsvísitölu var þá 0,8%. Iðnaðarframleiðslan dróst saman í júlí um 0,4% sem er heldur meiri samdráttur en í júní. Hún var þá 1,2% meiri en fyrir ári.




Vísitala neysluverðs án vaxta hækkaði um 0,3% í ágúst. Tólf mánaða verðbólga mældist 1,4% í ágúst. Skráð atvinnuleysi er enn við sögulegt lágmark, eða 3,1% í ágúst. Skv. atvinnukönnun var atvinnuleysi 5,2% og jókst lítillega frá fyrri mánuði. Iðnaðarframleiðslan jókst um 3,4% í júlí eftir 4,3% samdrátt í júní. Talið er að rekja megi þessa miklu sveiflu milli mánaðar til frídaga tengdra krýningarafmæli Bretadrottningar. Þriggja mánaða breyting iðnaðarframleiðslu sýnir óverulegan samdrátt iðnaðarframleiðslu maí til júlí.




Lítillega dró úr vexti þriggja mánaða meðaltals, sem ECB miðar formlega við. Var hann 7,3% í júlí í stað 7,4% í júní. Tólf mánaða vöxtur M3 á evrusvæðinu var 7,1 í júlí. Í Bandaríkjunum jókst vöxtur M3 aftur en sl. 3 mánuði hafði hægt á vextinum. 12 mánaða vöxtur til ágústloka var 8,4%.




Tólf mánaða vöxtur útlána á evrusvæðinu til aðila innan svæðisins var 4,5% í júlí en var 4,2% í mánuðinum á undan.




Mikil lækkun hefur orðið á verði hlutabréfa í Bandaríkjunum frá því í maí. Í ágúst virtist eins og verð hlutabréfa væri að rétta úr kútnum á ný en hækkunin hefur nú gengið til baka. Dow Jones vísitalan féll lægst í rúmlega 7.700 stig, en hefur verið undir 8.000 stigum að undanfögnu. Nasdaq-vísitalan féll í tæplega 1.200 stig í byrjun ágúst en hefur síðan að mestu haldið sig á bilinu 1.200 og 1.300 stig.




Svipuð þróun hefur verið á hlutabréfamörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum að undanfögnu. Nikkei vísitalan hækkaði nokkuð á öðrum ársfjórðungi 2002 en hækkunin hefur að mestu gengið til baka.



Ekki hafa orðið breytingar á stýrivöxtum helstu seðlabanka heims um alllangt skeið. Yfirlýsingar bandaríska seðlabankans benda þó til hugsanlegrar lækkunar haldi neikvæðar fréttir áfram að berast.



Ávöxtun 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum hefur lækkað um 1 prósentu sl. 3 mánuði. Lækkunin hefur verið heldur minni eða um 0,6 prósentur í Bretlandi og Þýskalandi en hefur nánast staðið í stað í Japan.



Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal hefur verið að mestu á bilinu 96 til 99 cent undanfarnar vikur.

Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Mynd 1. Verðbólga

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvisitölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvisitölu EES (Harmonised Index of Consumer Prices, HICP). Einnig er sýnt verðbólguþéttun Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

Mynd 2. Neysluverðsvisitatala eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirlíða neysluverðsvisitölnnar: visitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.

Mynd 3. Verð innfluttrar vöru í visitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitatala

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í visitölu neysluverðs. Visitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvisitatala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

Mynd 4. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímallengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.þ.b. 1 árs (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 4½ árs og spariskírteina til 3½ árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið janúar 1999-desember 2001 og daglegar frá janúar 2002.

Mynd 5. Ársfjórðungslegar þjóðhagsstærðir

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Magnbreyting einkaneyslu, þjóðarútgjalda og vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári.

Mynd 6. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirlíði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvirtar með visitölu neysluverðs eða viðeigandi undirvisitölu hennar.

Mynd 7. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og erlendis. Staðvirt er með visitölu neysluverðs (velta innanlands) og meðalgengisvisitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

Mynd 8. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

Mynd 9. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

Mynd 10. Hlutfall samningsverðs af kostnaðaráætlun í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins. Sýnt er hreyfanlegt meðaltal (óvegið) tíu samninga.

Mynd 11. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd 12. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd 13. Árstíðarleiddréttur vöruinnflutningur á föstu verði

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiddrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vege saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd 14. Utanríkisviðskipti

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd 15. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

Mynd 16. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimild: Þjóðhagsstofnun og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá Þjóðhagsstofnun. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleiddrétt.

Mynd 17. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mándarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

Mynd 18. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: EcoWin/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálmum og verðlag matvæla.

Mynd 19. Atvinnuleysi

Heimild: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleiddrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd 20. Atvinnuleyfi og störf í boði

Heimild: Vinnumálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefina atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

Mynd 21. Atvinnuleysi og fjöldi lausra starfa

Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun (PHS). Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiurtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarhlíð vinnumarkaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

Mynd 22. Launavísitala og kaupmáttur launa

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölnnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

Mynd 23. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölnnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölnnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. 4 ársfjórðunga.

Mynd 24. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

Mynd 25. Ríkistekjur og gjöld

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sínd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

Mynd 26. Þróun skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrír flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

Mynd 27. Hlutfjármarkaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun

Heimild: Kauphöll Íslands. Sínd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings) og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 28. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæðinu. Sínd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur byggðar á verðþróun reiknaðrar húsaleigu í vísitölu neysluverðs.

Mynd 29. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofu- húsnæðis, 1995=100. Sínt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

Mynd 30. Íbúðalánasjóður: afgreidd húsbref og afgreiddar umsóknir vegna nýbygginga og endurbóta

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

Mynd 31. Verð veiðiheimilda í þorski

Heimild: LÍÚ og Kvótaþing. Sínt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

Mynd 32. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd 33. Gengisþróun krónunnar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 34. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

Mynd 35. M3 og innlend útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA hf. frá og með mars 1999 og með Kaupþingi banka hf. frá janúar 2002. Útlánaþróun er einnig sínd leiðrétt fyrir áætluðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána.

Mynd 36. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðarleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA hf. við vísitölu útlána og Kaupþing banka hf. í janúar 2002. Janúar 1999=100.

Mynd 37. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sínd er 12 mánaða breyting 3 mánaða meðaltala.

Mynd 38. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til 1 dags og 3 mánaða.

Mynd 39. Skammtíma- og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtíma- og vaxtamunur eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisbréfa. Verðbólguálagið er munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina. Frá og með júlí 2002 er miðað við flokkana RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410. Fram að því var miðað við flokkana RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210. Vikulegar tölur.

Mynd 40. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupboð í ríkisbréf til u.þ.b. 1 árs, 4½ árs og 11 ára (RIKB 03 1010, RIKB 07 0209 og RIKB 13 0517).

Mynd 41. Tímaróf óverðtryggðra vaxta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kaupboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

Mynd 42. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupboð viðskiptavaka í 15 ára spariskírteini og húsbref í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001 og IBH26 0315.

Mynd 43. Bandaríkin: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 44. Evrusvæðið: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 45. Japan: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 46. Bretland: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 47. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd 48. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

Mynd 49. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 50) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 50. Erlendar hlutabréfavísitölur

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Hlutabréfavísitölur á evrusvæðinu (Dow Jones EURO STOXX 50), í Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow Jones Industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 51. Mismunur langtíma- og skammtíma- og vaxtamunur

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtíma- og vaxtamunur, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtíma- og vaxtamunur í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvixlavextir.

Mynd 52. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Mynd 53. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.